



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu ráðninga

Á fundi skóla- og frístundaráðs, dags. 22. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu ráðninga starfsmanna og tólmstundafræðinga á frístundaheimili borgarinnar.

Svar:

Í tengslum við framangreinda fyrirspurn var þann 25. ágúst sl. send fyrirspurn til stjórnenda frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 83,7 stöðugildi eða um 162 starfsmenn. Er þessi staða sambærileg þeirri sem var 19. ágúst 2021 þegar átti eftir að ráða í 81,3 stöðugildi eða um 159 starfsmenn. Ráðningar inn í frístundaheimilin og sértækar félagsmiðstöðvar fara yfirleitt seinna af stað en í leikskólum og grunnskólum þar sem að meginstefnu til er um hlutastörf að ræða og mikið um að námsmenn taki að sér þessi störf. Framangreindar tölur breytast því hratt frá degi til dags meðan gengið er frá ráðningum. Aflað verður upplýsinga á ný um stöðu á ráðningum um miðjan september nk.